



## Umdæmisstúkan nr. 1. Bréf vegna undirskrifa gegn áfengisútsölustöðum 1940

---

Bjarni Benediktsson – Umdæmisstúkan nr. 1. Bréf vegna undirskrifa gegn áfengisútsölustöðum 1940

### Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-6, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 28. febrúar 1940.

Í decembermánuði s.l. var fyrir forgöngu Umdæmisstúkunnar nr. 1. af I.O.G.T. leitað undirskrifta kjósenda víðsvegar um land undir áskorun til þings og stjórnar um það að loka áfengisútsölustöðum meðan stríðið stendur.

Undir þessar áskoranir skrifuðu samtals 22598 kjósendur í kaupstöðum landsins þar sem áfengisútsölur eru, og í nokkrum kaupþúnum á Suðurlandi.

Í Reykjavík skrifuðu 12960 kjósendur undir áskorun þessa. Og vegna þess að þetta sýnir, að meiri hluti kjósenda er því fylgjandi að áfengisútsölunum sé lokað, teljum vér bæjarstjórnnum kaupstaðanna skyldu bera til þess að taka öfluglega undir kröfur þessar. Skulum vér hér geta þess, að bæjarstjórnirnar í Ísafirði, Siglufirði og Akureyri hafa þegar samþykkt áskoranir til stjórnarvaldanna um þetta efni.

Vér snúum oss nú til yðar í því trausti að þér viljið fara að dæmi þessara bæjarstjórna og virðið með því fram kominn vilja meiri hluta kjósenda í undæmi yðar.

Virðingarfyllt

Umdæmisstúkan nr. 1.

Til bæjarstjórnar

Reykjavíkur.